

Reykjavík, 20. desember 2019

## Tilkynning um óbreyttan sveiflujöfnunarauka

Hinn 15. maí 2018 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um álagningu 1,75% sveiflujöfnunarauka í samræmi við 86. gr. d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.<sup>1</sup> Frá og með 15. maí 2019 hafa því fjármálafyrirtæki viðhaldið 1,75% sveiflujöfnunarauka nema þau sem eru undanskilin aukinum. Aukanum hefur verið viðhaldið á samstæðugrunni og hefur hann tekið til innlendra áhættuskuldbindinga. Hinn 1. febrúar 2019 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunaraukans í 2% og mun hækkunin taka gildi 1. febrúar 2020.<sup>2</sup>

Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki ber fjármálastöðugleikaráði að endurskoða gildi sveiflujöfnunarauka ársfjórðungslega. Hinn 17. desember 2019 beindi fjármálastöðugleikaráð tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að halda gildi sveiflujöfnunarauka óbreyttu í 2%.

Meginmarkmið sveiflujöfnunaraukans er að stuðla að því að fjármálafyrirtæki hafi nægan viðnámsþrótt til að mæta tapi á tímum óstöðugleika í fjármálakerfinu í kjölfar óhóflegrar skuldsetningar og uppsöfnunar sveiflutengdrar kerfisáhættu. Aukann má byggja upp þegar heildstætt mat bendir til að áhættur séu að aukast. Þegar saman fara talsverður útlánavöxtur, ört hækkandi eignaverð og lítil vanskil og væntingar um frekari vöxt eru til staðar getur sveiflutengd kerfisáhætta aukist. Þegar síðan kreppir að getur það haft töluverð áhrif á virði eigna fjármálakerfisins. Þá er líklegt að fjármálafyrirtæki bregðist við með því að standa vörð um eiginfjárstöðu sína, t.d. með því að draga verulega úr útlánum. Minna framboð lánsfjár getur valdið samdrætti í fjárfestingu og efnahagssumsvifum sem aftur getur leitt til lægra eignaverðs, fjölgunar gjaldþrota hjá fyrirtækjum, aukins atvinnuleysis og grafið þannig enn frekar undan útlánagæðum. Ef sveiflutengd kerfisáhætta raungerist magnar neikvæð keðjuverkun milli útlána, efnahagssumsvifa og eignaverðs niðursveifluna. Markmiðið með að byggja upp sveiflujöfnunarauka samhliða vaxandi sveiflutengdri kerfisáhættu og aflétta honum þegar hún raungerist eða dvínar er að veita fjármálafyrirtækjum svigrúm til að takast á við útlánatap, án þess að draga um of úr framboði lánsfjár.<sup>3</sup> Afléttingu sveiflujöfnunarauka er ekki ætlað að mæta hagsveiflum sérstaklega, heldur fjármálalegum niðursveiflum sem kunna að fara saman við samdrátt í hagkerfinu. Því á ekki að lækka hann í efnahagslægð ef sveiflutengd kerfisáhætta raungerist ekki eða hún dvínar ekki samhliða.<sup>4</sup>

Í tilmælum fjármálastöðugleikaráðs er vísað til greiningar og mats kerfisáhættunefndar og lagt til að sveiflujöfnunaraukinn verði óbreyttur að svo stöddu. Bendir fjármálastöðugleikaráð á að undanfarið

<sup>1</sup> Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 13. apríl 2018.

<sup>2</sup> Sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 19. desember 2018.

<sup>3</sup> Sbr. [stefnu fjármálastöðugleikaráðs um beitingu sveiflujöfnunarauka og Sveiflujöfnunarauki og kerfisáhætta](#), [Fjármál 1. tbl. 2019](#), bls. 2-7.

<sup>4</sup> Sjá t.d. leiðbeiningar [Evrópska kerfisáhættaráðsins \(ESRB/2014/1\)](#) og [Basel nefndarinnar um bankaeftirlit](#) frá desember 2010.

hafi mjög hægt á uppbyggingu sveiflutengdrar kerfisáhættu. Fjármálastöðugleikaráð telur þó að hvorki séu til staðar merki um að sveiflutengd kerfisáhætta hafi dvínað eða raungerst og því sé rétt að sveiflujöfnunaraukinn verði óbreyttur.

Fasteignaverð er enn hátt í sögulegu samhengi og í hlutfalli við þá grunnþætti sem alla jafna ráða þróun þess. Raunverð íbúðarhúsnæðis er enn vel yfir langtímaleitni. Verð á atvinnuhúsnæði hækkaði mikið síðustu ár og hækkar enn. Komi til verðlækkana á fasteignamarkaði gæti reynt á viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja, bæði beint vegna rýrnunar veðandlaga en einnig vegna minni eftirspurnar eða samdráttar í efnahagslífinu.

Þáttur skuldavaxtar í myndun ójafnvægis fer að miklu leyti eftir skuldsetningu heimila. Að öðru óbreyttu felur skuldavöxtur í sér meiri áhættu ef skuldsetning heimila er þegar mikil en skuldsetning þeirra er lítil. Hlutfall skulda af tekjum heimila er í hærra lagi hér á landi í samanburði við önnur lönd. Hluti íslenskra heimila er því viðkvæmur fyrir tekjumissi eða hækkunum á greiðslubyrði lána. Þá er hlutfall fasteignalána af heildarlánnum heimila hér á landi með því mesta sem þekkest meðal Evrópulanda og íslensk heimili því útsettari fyrir þeirri áhættu sem felst í samspili húsnæðisverðs og skulda heimila.<sup>5</sup> Skuldavöxtur heimila hefur verið talsverður undanfarin ár og margt bendir til að sú þróun haldi áfram á komandi misserum.

Skuldavöxtur fyrirtækja fylgdi þensluskeiði síðustu ára og nú hefur dregið úr honum samhliða minni umsvifum í hagkerfinu. Í lok þriðja ársfjórðungs þessa árs voru skuldir innlendra fyrirtækja 13% meiri að raunvirði en þegar þær voru lágstar þremur árum áður. Útlánavöxtur kerfislega mikilvægra banka til innlendra atvinnufyrirtækja var mikill, eða um 10% að raunvirði að jafnaði, frá haustinu 2017 fram á vormánuði þessa árs. Viðnámsþróttur fyrirtækja er enn mikill en óvissa ríkir um rekstrarumhverfi þeirra vegna lakari efnahagshorfa á næsta ári, einkum fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Með vísan til tilmæla fjármálastöðugleikaráðs tilkynnist hér með að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. febrúar 2019 um 2% sveiflujöfnunarauka gildir áfram óbreytt. Aukinn skal áfram taka til innlendra áhættuskuldbindinga allra fjármálafyrirtækja, bæði hvers fyrir sig og á samstæðugrunni, nema þeirra sem eru undanskilin aukanum samkvæmt 4. mgr. 86. gr. d laga um fjármálafyrirtæki. Við útreikning eigin fjár sem viðhalda skal ber að líta til vegins meðaltals sveiflujöfnunarauka hér á landi og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við hlutdeild áhættuskuldbindinga í hlutaðeigandi ríkjum, sbr. 3. mgr. 86. gr. d sömu laga.<sup>6</sup>

---

<sup>5</sup> Sjá [viðvörðun](#) frá Evrópska kerfisáhætturáðinu (ESRB).

<sup>6</sup> Fjármálaeftirlitið mun setja reglur sem innleiða tæknilegan eftirlitsstaðal (ESB) nr. 1152/2014 en hann kveður nánar á um útreikninginn, sbr. umræðuskjal nr. 4/2016 sem birt er á vef stofnunarinnar. Þá hefur Fjármálaeftirlitið sett reglur nr. 506/2017 sem innleiða tæknilegan eftirlitsstaðal (ESB) 2015/1555.